



Umhverfisog heilbrigðisráð/heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2020
Tilvísun: 2020040139/25.10

Efni: Verk á kostnað eiganda, úrbætur eða fjarlæging á frárennislögn frá bílskúr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur frá því 3. apríl 2020 haft til meðferðar mál vegna kvörtunar um ófullnægjandi frágang á frárennislögn og rottugang tengt því á lóð við Leifsgötu 11. Virðist sem frárennislögn hafi verið lögð frá bílskúr og tengd inn á eldri lögn frá húsinu. Bílskúrnum hefur verið breytt í íbúðir og er það óleyfisframkvæmd samkvæmt embætti byggingarfulltrúa og er embættið að reka mál vegna framkvæmdarinnar og krefst þess að bílskúr verði færður í fyrra horf.

Í ljósi ofangreinds óskar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftir því að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykki að Heilbrigðiseftirlitið láti, eftir atvikum, framkvæma úrbætur á lögninni eða fjarlægja hana á kostnað eiganda bílskúrsins sbr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gr. 5.1, 5.5 og 13.2 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og gr. 12 í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Afrit Samrit sent:

Afrit Samrit sent:



Hjálmtýr Bergsson Sandholt
Friggjarbrunni 5
113 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2020
Tilvísun: 2020040139/25.10

Efni: Ítrekun - úrbætur vegna staðfesta kvartana að Leifsgötu 11

Vísað er í bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 29. apríl s.l. Í bréfinu er því lýst að HER hafi borist kvartanir um ófullnægjandi frágang á fráveitulögnum frá bílskúr á lóðinni. Í eftirlitsferð 14.4.2020 var staðfestur ófullnægjandi frágangur á fráveitulögn frá bílskúr og ummerki um rottugang við lögnina. Samkvæmt upplýsingum í fasteignaskrá eruð þér Hjálmtýr Bergsson Sandholt kt: 250796-2939 eigandi og umráðamaður íbúðar á hæð og bílskúrs að Leifsgötu 11. Kröfu um úrbætur var því beint til yðar. Í áður nefndu bréfi HER var sett fram krafa um úrbætur og að tímasettri úrbótaáætlun væri skilað til HER eigi síðar en 10. maí sl. Þann 18. maí s.l. barst tölvupóstur frá Halldóri Hallssyni lögfræðingi þar sem tilkynnt er að hann hafi tekið að sér að gæta hagsmuna yðar í málinu og óskaði hann eftir lengri frest til að kynna sér málið og taka til varna í málinu. Var Halldóri svarað með tölvupósti dags. 19. maí og frestur til andmæla lengdur til 1. júní s.l. Við ritun þessa bréfs, 8. júní, hefur HER ekki borist tímasett úrbótaáætlun eins og krafa var um í bréfinu dags. 29. apríl, né nokkur viðbrögð önnur en tölvupóstur Halldórs Hallssonar.

Ítrekuð er krafa um að brugðist sé við þegar í stað og farið í úrbætur á lögninni og um leið lokað á aðgengi meindýra að lögninni. Það er óviðunandi staða að meindýr hafi aðgang að skólplögn eins og ummerki benda eindregið til og getur það skapað heilsufarslega ógn fyrir íbúa í húsinu og næsta nágrenni. Veittur er frestur til 20. júní til að skila til HER tímasettri úrbótaáætlun. Skal áætlunin taka mið af því að mjög mikilvægt er að farið verði í úrbætur svo fljótt sem auðið er.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og framfylgir reglugerðum og samþykktum sem settar eru skv. þeim. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðum umhverfi. Í gr. 5.1 mengunarvarnareglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ er kveðið á um að heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með öllum fráveitum. Í gr. 5.5 sömu reglugerðar segir að þegar skólþ er leitt brott, skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun eða óhollustu og í gr. 13.2 er ennfremur kveðið á um að heilbrigðisnefnd geti bannað notkun ófullnægjandi fráveitulagna og krafist endurbóta og endurnýjunar þeirra. Ennfremur segir í 6. gr. sömu reglugerðar að skólþi skuli farga á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og með þeim hætti að lífríki og umhverfi raskist sem minnst. Húseigendur eru því sbr. ofangreint ábyrgir fyrir lagfæringum og viðhaldi á þeim frárennislögnum sem liggja frá eignum þeirra.

HER bendir einnig á það sem fram kemur í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu í 12. gr. þar sem fjallað er um fráveitulagnir:

- Eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
og fráveitutinginga.

- Eigendum húseigna þar sem fráveita liggur er skylt á sinn kostnað að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem fráveita tilgreinir.
- Í fráveitulögnum skal ofanvatn og skólþ aðgreint nema annað sé heimilað.
- Endurnýi eigandi fráveitu fráveitukerfi sitt þannig að í hinu nýja kerfi sé ofanvatn og skólþ aðgreint skulu eigendur fasteigna samhliða endurnýjun heimæða eða meiri háttar endurbótum á þeim aðskilja ofanvatn og skólþ.
- Þar sem tvær eða fleiri fasteignir nýta sameiginlega heimæð skulu eigendur þeirra í sameiningu annast og kosta lagningu, rekstur og viðhald heimæðar nema um annað hafi verið samið.
- Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Húseigendur eru því sbr. ofangreint ábyrgir fyrir lagfæringum og viðhaldi á þeim frárennislögnum sem liggja frá eignum þeirra.

Þá skal bent á að í gr. 14 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að fara skuli að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt er varðar hreinlæti, hollustuvernd og öryggismál. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar sbr. gr. 49 í lögum nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlitið hvetur yður eindregið til þess að tryggja að fullnægjandi úrbætur verði gerðar sem allra fyrst þannig að ekki komi til frekari aðgerða af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á kafla XVII um valdsvið og þvingunarúrræði í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sér í lagi gr. 61. sbr. hér að neðan.

61. gr. Dagsektir og verk á kostnað aðila

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd [eða Umhverfisstofnun] ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir geta numið allt að 500.000 kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt er heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskyllda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutadeigandi.

Þegar verk það sem heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um dagsektir og kostnað eru aðfararhæfar. Gjaldldagi sektar samkvæmt þessari grein er fyrsti dagur annars mánaðar eftir dagsetningu ákvörðunar Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefndar. Greiða skal dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar sé hún ógreidd fimmtán dögum eftir gjaldldaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Önnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efnadegi, falla ekki niður eftir gjaldldaga þótt aðili efni viðkomandi kröfu nema Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd ákveði það sérstaklega. Sektir sem Umhverfisstofnun leggur á samkvæmt þessari grein að frádregnum kostnaði við innheimtu renna í ríkissjóð og sektir sem heilbrigðisnefndir leggja á að frádregnum kostnaði við innheimtu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ef þér hafið einhverjar athugasemdir eða andmæli fram að færa við efni þessa bréfs óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík innan tveggja vikna frá dagsetningu þess.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson
heilbrigðisfulltrúi

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi